

Nr. 819

21. september 2009

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra.

*Deiliskipulag 8 frístundahúsalóða í landi Grenstanga í Rangárþingi eystra.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 9. október 2008, deiliskipulag 8 frístundahúsalóða á u.p.b. 4 ha svæði í landi Grenstanga.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

*Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Leirubakka, Rangárþingi ytra.*

Í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 staðfesti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 7. maí 2009, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Leirubakka.

Breytingin nær til um 16 ha svæðis og þar eru lóðirnar Hraunvegur 33, 35, 37 og 39 auk lóðanna Fjallalands 41 og 43. Þá bætist við ein lóð; Fjallaland 41a.

Breyting lóðamarka felst í að lóðirnar stækka og mörk þeirra færast, yfirleitt norðar og austar. Gert er ráð fyrir bili milli Hraunvegar 33 og 35 til að tryggja góðar göngutengingar á milli opinna svæða.

Deiliskipulið og deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 21. september 2009.*

F.h. Rangárþings eystra og Rangárþings ytra,

**Rúnar Guðmundsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings bs.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. október 2009